

1868.

1. júlí.

sem Ísland fær útaf fyrir sig, heldur rennur það í hinn almenna danska ríkissjóð og kemur að mestu leyti í stað tollgjaldsins, sem hér er lögboðið. Að svo miklu leyti, sem hið heiðraða stjórnarráð geldur hér toll af vörum þeim, sem fluttar eru hingað frá útlöndum og ætlaðar eru handa skipaherum, virðist dómsmálastjórninni eins mikil ástæða vera til að heimta á Íslandi lestagjald af kolafarmi, sem fluttur er þangað frá útlöndum handa herskipum þeim, er hafa stöðvar sínar við Ísland. En ef að sjóliðsstjórnin samt, eptir að hafa fengið þessar upplýsingar, heldur fram kröfu sinni um að fá upphæð þessa endurgoldna, þá mun nákvæmar verða yfirvegað, hvort dómsmálastjórnin álsti sér heimilt eptir atvikum að láta borga aptur gjald það, sem greidt hefir verið.

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir póstafgreiðslu í Austur-Landeyjum.

6. júlí.

Í bréfi 18. maímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þér, til þess að styðja að reglubundinni póstafgreiðslu milli Vestmannaeyja og meginlandsins, hafið falið síra Sveinbirni Guðmundssyni á Krossi í Austur-Landeyjum á hendur fyrst um sinn, að veita móttöku og afgreiða bréf þau, er fara milli lands og eyja, og hafið þér þar að auki lagt til með, að honum verði veitt fyrir þenna starfa 4 rd. þóknun á ári, líkt og öðrum póstafgreiðslumönnum á Íslandi er veitt.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt að því að finna, að síra Sveinbirni Guðmundssyni sé veitt 4 rd. þóknun á ári fyrir þenna starfa, frá 1. degi aprílmán. þ. á., og hefir landfógetanum verið skrifað í dag um, að borga fê þetta úr jarðabókarsjóðnum.